

DAGS.

19.01.2025

SENDANDI

Landsnet

MÁLEFNI**Ný efnistökusvæði vegna Blöndulínu 3: Svör við umsögnum um matsáætlun****DREIFING**

Skipulagsstofnun

Inngangur

Landsnet sendi Skipulagsstofnun matsskyldufyrirspurn í nóvember 2024 vegna tveggja nýrra efnistökusvæða í tengslum við framkvæmdir við Blöndulínu 3 (BL3). Skipulagsstofnun sendi greinargerðina áfram til umsagnaraðila og var frestur til að skila umsögnum til 21. desember 2024.

Eftirfarandi aðilar sendu inn umsagnir:

- Hafrannsóknarstofnun 12. desember
- Náttúrufræðistofnun Íslands 18. desember
- Fiskistofa 18. desember
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra 20. desember
- Húnabyggð 20. desember


Enginn umsagnaraðili taldi að efnistakan þyrfti að gangast undir mat á umhverfisáhrifum. Hér á eftir eru þó viðbrögð framkvæmdaraðila við þeim umsögnum sem kölluðu á viðbrögð. Framkvæmdaraðili telur ekki þörf á að bregðast við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Svör framkvæmdaraðila við innsendum umsögnum

UMSÖGN HAFRANNSÓKNARSTOFNUNAR	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
„Í greinargerðinni er fjallað nokkuð um uppeldissvæði laxaseiða, en minna um mikilvægi uppeldis á bleikju og urriða.“	Efnistökusvæðum BAN-04, BAN-45, BAN-64 og BAN-101 var andmælt sérstaklega vegna mögulegra áhrifa á laxastofn Svartár og á laxveiði enda er Svartá fyrst og fremst laxveiði. Búsvæðamat og rannsóknir á ánni hafa jafnframt fókusað á lax, því er eðlilegt að meginþungi umfjöllunar sé um áhrif á laxastofn árinna. Í töflum 3.2 og 3.3 greinagerðar eru niðurstöður um fjölda bleikju- og urriðaseiða sem hafa veiðst í rannsóknum liðinna ára. Einnig segir: - Mun ofar í Svartá uppi á hálendi, við brú á Mælifellsvegi og skammt neðan við upptök í Bugavatni/Aðalmannsvatni, mældist töluvert af bleikjuseiðum, var vísitala þeirra stöðva 12,0 og 16,5 bleikjuseiði á 100 m². Þéttleiki bleikjuseiða ofar í ánni er því tvöfaldur á við það sem hann er við Stafn. Samanber niðurstöður í töflu 3.3 er nær engin bleikja neðar í ánni. Stafn virðist því vera á neðri mörkum búsvæða bleikju og efri mörkum búsvæða laxa. Þéttleiki urriðaseiða við Stafn er svipaður og bleikjuseiða og tvöfaldur á við þéttleika laxaseiða. Þetta er þó ekki mikill þéttleiki, og þéttleiki urriðaseiða í ánni virðist sveiflast mikið milli ára sbr. töflu 3.3. Það er því engin ein ráðandi tegund á svæðinu sem virðist ekki vera kjörsvæði neinnar þeirra.
„Í fyrri málsgreininni segir að óvíst sé hvort Svartá nái að brjóta sér leið inn á efnistökusvæðið, en í þeirri seinni að áin gæti brotið sér leið inn á eyrina.“	Í fyrri málsgreininni er fjallað um að óvíst og ólíklegt sé að áin brjóti sér leið inn á eyrina. Í seinni málsgreininni var ætlunin að segja að EF það þó gerist, þá eru áhrifin tímabundin og að öllum líkindum óveruleg. Beðist er velvirðingar að þetta hafi ekki verið nógu skýrt í skýrslunni. Ár breyta farvegi sínum af náttúrulegum ástæðum á hverju ári, veiðimenn þekkja það hvernig veiðistaðir geta horfið og nýir myndast á milli ára, sérstaklega á eyrarsvæðum. Það er auk þess mjög hár bakki fast við eyrina og farvegurinn þrengist neðan hennar svo það er takmarkað hvað áin getur yfir höfuð breytt farvegi sínum.
„Hafrannsóknastofnun telur að framkvæmdaaðili geri ekki fullnægjandi grein fyrir því hver neikvæð áhrif geta orðið á fiskstofna Svartár vegna efnistöku úr eyrum árinna.“	Neikvæðu áhrifin felast einkum í truflun á framkvæmdatíma og mögulegu tímabundnu raski á búsvæðum ef svo ólíklega færi að áin færi að renna um eyrina. Þessi áhrif eru þó óveruleg, enda bæði tímabundin og mjög svo staðbundin. Vatnasvið Svartár er 480 km² og heildarlengd fiskgengra áa á vatnasviðinu er 68,6 km. Efnistökusvæðið er um 400 m að lengd sem er um 0,6% af heildarlengd svæðisins og einmitt á svæði sem er ekki virðist kjörsvæði neinnar þeirrar tegundar sem lifir á vatnasviðinu.
„Hér er rétt að benda á að þó vissulega sé viðkomandi svæði staðsett við þann hluta árinna þar sem minna er orðið um uppeldi laxaseiða, finnst laxaseiði á þessu svæði.“	Í skýrslunni er því ekki haldið fram að lax finnist ekki við Stafn, eingöngu að þetta sé á efri mörkum búsvæði laxa sökum vatnskulda og að laxaseiði séu fá á svæðinu. Landsnet hefur jafnframt hvergi haldið því fram að áhrif efnistökkunnar séu engin, heldur að þau séu óveruleg.
„Einnig verður að gera þá kröfu að tekið sé tillit til annarra fisktegunda og annars lífríkis í vatni. Má þar nefna bleikju, sem er að finna á þessu svæði.“	Sjá fyrra svar hér að ofan.

„Miðað við uppgefna hæð eyrarinnar yfir vatnsborði Svartár (0,5-1,5 m) og fyrirhugaðri efnitökudýpt (1-1,5m) verður ekki annað séð en að verulegar líkur séu til að áin brjóti sér leið inn á svæðið við aukið rennsli.“

Brúarstæði og vegfylling virkar nú þegar eins og varnargarður og beinir rennsli árinna frá eyrinni og að vesturlandinu þar sem áin hefur grafið sig niður með hlíðinni. Til greina kemur þó, sem mótvægisáðgerð til að minnka líkurnar enn frekar, að ryðja upp efni á árbakkanum til að verja eyrina gegn ánni enn frekar. Þetta yrði eingöngu kantur úr efni af svæðinu ætlaður til að verjast venjulegu rennsli og aðeins meira en það, en ekki stórflóðum. Kanturinn yrði svo jafnaður út í lok framkvæmdatímans eða einfaldlega nýttur í framkvæmdir við Blöndulínu 3.



MYND 1 Möguleg mótvægisáðgerð er að gera lítinn varnargarð út frá brúarstæðinu til að varna því að áin grafi sig inn á eyrina. Einnig má vinna framkvæmdina á þann hátt að byrja sem fjærst árbakka og/eða vinna eingöngu þar.

Líkt og sést á myndinni hér að ofan hefur svæðið verið nýtt áður til efnistöku og þrátt fyrir að gryfjur séu nærri farveginum hefur áin ekki enn brotið sér leið þar í gegn. Er það vegna þess að þó að ekki muni miklu, þá er fávægurinn áberandi lægri en eyrin, og fallið niður með vesturlandinu nokkuð. Áin þyrfti jafnframt að taka vinkilbeygju strax eftir að hafa farið undir brúna, en það er straumfræðilega ólíklegt þar sem áin er að renna nokkuð beint með enga fyrirstöðu.

UMSÖGN HAFRANNSÓKNARSTOFNUNAR	SVÖR FRAMKVÆMDARADILA
	 MYND 2 Mögulegur varnargarður yrði þar sem gula línan er sýnd. Landið hallar á áberandi hátt til vesturs (vinstri) sem beinir öllu rennsli þangað eftir að það kemur undan brúnni. Neðan við eyrina sést hvernig farvegurinn þrengist, allar breytingar á farvegi yrðu því mjög staðbundnar. Hér sést vel að eyrin er utan við virkan farveg Svartár. Vatn er í gömlum efnistökgryfjum. Önnur aðgerð til að lágmarka líkur á farvegsbreytingum er að hefja efnistöku neðst á svæðinu og vinna sig upp með ánni (í suðurátt).
„Mikil hætta er þá á að áin brjóti úr eyrinni með tilheyrandi flutningi á möl og sandi, auk gruggs“	Mikið kapp yrði lagt á að það gerist ekki, því það myndi skola burt efninu sem Landsnet hyggst nýta í framkvæmdir við Blöndulínu 3. Landsnet er því ekki sammála því að „mikil hætta“ sé á því að áin fari að brjóta sér leið um eyrina. Grugg er eðlilegt í straumvötnum, ár litast hvað eftir annað í úrkomu- og vorleysingum. Áhrif af völdum gruggs á lífríki eru óveruleg. En líkt og kemur fram í greinargerð Landsnets, og sést vel á mynd 3.8, þá er jarðvegurinn í eyrinni svo til hrein mól og sandur og lítið um lífrænt efni, því má gera ráð fyrir að gruggmyndun verði í lágmarki.
„Samhliða því gætu orðið breytingar á farvegi og bökkum ofan og/eða neðan efnistökusvæðisins.“	Ekki verður breyting á bakka ofan efnistökusvæðisins því vegur og brú Svartárdalsvegur virkar eins og varnargarður sem rýfur öll tengsl við bakka ofan hans. Neðan efnistökusvæðisins eru bakkar árinna háir og farvegurinn þröngur. Svigrúm til breytinga er því afar lítið.
„Einnig er vert að árétta að við framkvæmdir nærri og í straumvatni, getur áhrifa gætt langt út fyrir framkvæmdastað“	Í einhverjum tilfellum er það mögulegt, en í þessari tilteknu framkvæmd telur Landsnet það ólíklegt. Efnistökusvæðið er utan við virkan farveg og vel afmarkað landfræðilega og af Svartárdalsvegi.

UMSÖGN HAFRANNSÓKNARSTOFNUNAR	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
„Hafnarannsóknastofnun telur að framkvæmdaæðili þurfi að gera betri grein fyrir því á hvaða forsendumat hans sé að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á lífríki Svartár.“	Landsnet telur að vel hafi verið gerð grein fyrir því, bæði í skýrslu og nú í svörum við athugasemdum. En í grófum dráttum eru helstu ástæður eftirfarandi: - Efnistökusvæðið er utan við virkan farveg Svartár - Efnistökusvæðið er ofan við helstu búsvæði laxa og á mörkum þess svæðis sem þeir geta lifað sökum vatnskulda - Efnistökusvæðið er neðan við helstu búsvæði bleikju - Efnistakan er tímabundin og staðbundin - Efnistökusvæðið er einungis 0,6% af fiskgengu svæði vatnasviðsins. Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar er ekki beint að finna rök eða vísun á gögn sem breyta því mati Landsnets á því að framkvæmdin geti haft óveruleg áhrif.
„Einnig hvernig fylgst verði með áhrifunum á framkvæmdatíma og vöktun á ástandi lífríkis í framhaldinu“	Á framkvæmdatíma verður viðhaft eftirlit með framkvæmdinni í samræmi við skilyrði sem leyfisveitendur leggja fram. Efnistakan er ekki af þeirri stærðargráðu að Landsnet telji tilefni til að hún kalli á sérstaka vöktun í framtíðinni. Reikna má þó með því að áfram verði seiðamælingar í Svartá líkt og hafa verið nær árlega frá 2012, þær munu leiða í ljós hvort það verði einhverjar breytingar á fiskistofnum árinna. Erfitt verður þó að rekja breytinga beint til efnistöku sem er 5 km ofan við laxasvæði árinna og staðbundin við eina eyri í ánni.
„Einnig hver áhrif framkvæmdanna gætu orðið á vatnsformfræðilega þætti, s.s. efnisskrið og bakkabrot í ljósi mismunandi sviðsmynda“	Landsnet telur það frekar ólíklegt að áhrif framkvæmdanna verði slík á vatnsformfræðilega þætti. Efnistakan verður utan við virkan farveg, er skýlt af Svartárdalsvegi og straumstefna er í átt frá eyrinni og að vesturlandinu. Bakkabrot er einnig náttúrulegur og árviss viðburður í svo mjög mörum straumvötnum, sérstaklega dragám sem sveiflast mikið í rennsli eins og Svartá. Gott dæmi eru flóðin í Svartá í febrúar 2023 þegar vegir fóru í sundur, áin flæddi yfir tún og stór svæði, fór úr farvegi sínum og ruddi fram hundruðum tonna af ís með miklum afleiðingum: https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-02-15-ummerki-um-allan-svartardal Hafrannsóknarstofnun sagði þó að sá atburður væri ólíklegur til að hafa áhrif á fiskistofna. https://www.mbl.is/frettir/veidi/2023/02/17/ottast-ekki-tjon-a-seidum-vegna-floda/ - „Það getur komið rof í botn þar sem stíflur myndast og einhver seiði hafa skolast á land en líklega er sá fjöldi ekki afgerandi þegar á heildina er litið. Flóð eru reyndar eðlilegur framgangur í náttúrunni. En í þeim skolast einnig út laust botnefni, leir og sandur, og því getur grófari botn orðið eftir sem þá er betra búsvæði fyrir laxfiska og fæðudýr á eftir.“ Landsnet telur að skoða megi umræddan atburð, sem náði yfir endilangan farveg Svartár með tilheyrandi rofi og farvegsbreytingum og álit Hafrannsóknastofnunar á, í samanburði við afmarkaðs áhrifasvæðis efnistökusvæðisins og möguleg staðbundin áhrif sem þar gætu orðið á vatnsformfræðilega þætt..



MYND 3 Dæmi um tilfærslu á mól og bakkarof eftir vorleysingar. Fögruhlíðará að ofan og Torfufellsá að neðan. Svona atburðir eru nokkuð árvissir í íslenskum dragám og ná yfir allan farveg árinna.

UMSÖGN HAFRANNSÓKNARSTOFNUNAR	SVÖR FRAMKVÆMDARADILA
„Þá er ekki gerð grein fyrir öðrum mögulegum efnistökusvæðum sem komið geta í staðinn.“	Í umhverfismati Blöndulínu 3 var lagt mat á 14 efnistökusvæði innan Húnavatnshrepps (nú Húnabyggðar), sem lágu misvel við þeim línuleiðarvalkostum sem lagðir voru fram (sjá mynd 6.22 í umhverfismatsskýrslu). Í álitni Skipulagsstofnunar um umhverfismatsskýrsluna var tekið undir umsögn Hafrannsóknastofnunar um að ekki ætti að veita leyfi til efnistöku í BAN-04, BAN-45, BAN-64 og BAN-101. Samtals var um að ræða 62 þús m³ af mögulegu efni á svæði sem nýst hefði framkvæmdum milli Svartárdals og Mælifellsdals og því þurfti að skoða aðra. Eftir samtal við landeigendur á þessum hluta línuleiðar var það niðurstaðan að nýta eingöngu eitt efnistökusvæði af þeim þremur svæðum sem metin voru í umhverfismatinu, í sjálfu Kiðaskarði, en hann vísaði á umrætt efnistökusvæði við Stafn. Náman við Stafn liggur mjög vel við samgöngum og Blöndulínu 3 og hefur verið nýtt áður til efnistöku. Landsnet telur óæskilegt m.t.t umhverfisáhrifa vegna flutninga, aksturs á vegum auk kostnaðar, að sækja efni á efnistökusvæði fjarri framkvæmdasvæðum hverju sinni og telur að slík sjónarmið þurfi að vega og meta við ákvarðanir um hvort opna eigi ný efnistökusvæði.
„Rétt er að benda á að Hafrannsóknastofnun mælir ekki með efnistöku úr virkum farvegi vatnsfalla og hvetur til að leitað sé efnistöku utan þeirra.“	Náman við Stafn er utan við virkan farveg Svartár. Möl, líkt og er oft að finna á áreyrum, er þó einfaldlega erfitt að finna annarsstaðar en í grennd við ár, einna helst við gamla farvegi sem ekki eru virkir, ekkert slíkt svæði er þó í nágrenninu.
„Af myndum í greinargerðinni að dæma, virðist farvegurinn og árbakkar vera stöðugir á þessu svæði árinna. Mikilvægt er að framkvæmdaaðili geri grein fyrir hvernig tryggt verði að efnisnámið hafi ekki neikvæð áhrif á það“	Líkt og Hafrannsóknastofnun segir eru bakkar grónir og stöðugir, það sýnir að efnistökusvæðið er utan við virkan farveg. Við umsókn um framkvæmdaleyfi mun fylgja með áhrifamat m.t.t. vatnshlota á grundvelli laga um vatnamál og þar mun þá m.a. verða gerð grein fyrir verklagi og mótvægisáðgerðum sem ætlað er til að koma í veg fyrir að gæðapættir vatnshlota skerðist ekki.
„Segir í greinargerðinni að fram komi að öllum niðurstöðum beri saman um að efnistökusvæðið sé á mörkum þess svæðis sem hægt er að kalla búsvæði lax, enda endi laxveiðisvæði árinna 5 km neðar og ofar í ánni sé það bleikja sem sé ríkjandi tegund.“	Tilvísunin sem Hafrannsóknastofnun vísar til er tekin beint úr skýrslu Veiðimálastofnunar og er á bls. 19 í greinargerðinni. - “Þannig er þéttleiki laxaseiða hæstur neðst í Svartá en dvínar eftir sem ofar dregur. Mikilla lindaráhrifa gætir í Fossá og Svartá í Stafngili. Þetta veldur því að Svartá er fremur köld ofan til, mun kaldari en annars væri. Laxaseiði er alltaf að finna neðst í ánni en stundum um miðbik árinna og sjaldan við Stafn. Ofar hefur lax varla fundist.”


Landsnet telur að ekki hafi komið fram ný gögn eða upplýsingar fram í umsögn Hafrannsóknastofnunar sem gefa tilefni til þess breyta því mati Landsnets að efnistakan á umræddu svæði við Svartá komi ekki til með hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér á búsvæði eða fiskistofna árinna, en gerir sér grein fyrir mikilvægi góðs verklags og mótvægisáðgerða til að lágmarka áhrif efnistökkunnar.

UMSÖGN FISKISTOFU	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
Fiskistofa vísar alfarið í umsögn Hafrannsóknarstofnunar.	Sjá svör við umsögn Hafrannsóknarstofnunar.

UMSÖGN HÚNABYGGÐAR	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
Húnabyggð vísar í umsögn Hafrannsóknarstofnunar.	Sjá svör við umsögn Hafrannsóknarstofnunar.

„Umrætt vatnasvæði hefur átt undir högg að sækja undanfarin ár hvað varðar afkomu laxfiska og allar framkvæmdir sem geta haft neikvæð áhrif á lífríki vatnasvæðisins eru óæskilegar að mati Húnabyggðar“

ÁR	BLEIKJA	URRIÐI	LAX
2024	35	115	110
2023	16	125	130
2022	55	128	190
2021	47	97	202
2020	37	54	190
2019	7	40	57
2018	22	63	131
2017	25	45	128
2016	10	30	367
2015	16	33	619
2014	1	10	292
2013	21	57	366
2012	17	20	147
2011	54	49	300
2010	60	54	572
2009	36	32	420
2008	7	33	272



Upplýsingar fengnar úr ársskýrslum Hafrannsóknarstofnunar um lax- og silungsveiði:
<https://www.hafogvatn.is/is/midlun/lax-og-silungsveidin-tolur>

UMSÖGN HEILBRIGÐISEFTIRLITS NORÐURLANDS VESTRA	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
„Heilbrigðisnefnd Norðurlands Vestra telur mikilvægt að gæta sérstakrar varkárni þegar farið er í efnistöku úr virkjum farvegi vatnsfalla vegna hættu á mengun vatns“	Efnistakan er ekki í virkum farvegi Svartár. Efnistakan er hluti af stærri framkvæmdum við Blöndulínu 3 og er háð öllum þeim skilyrðum og kröfum sem sú framkvæmd þarf að uppfylla. Framkvæmdin, og efnistakan, er jafnframt háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits sem getur þá sett þær kröfur og mótvægisáðgerðir sem það telur nauðsynlegt. Landsnet er með góða reynslu af sambærilegum framkvæmdum, t.d. við Bakkalínu, Kröflulínu 3, Hólasandslínu 3 og Kolviðarhóslínu 1 sem er innan vatnsverndarsvæða Höfuðborgarsvæðisins, og hefur í öllum tilvikum tekist vel til án mengunaróhappa.